

**77. fundur umhverfis- og framkvæmdanefndar
haldinn í fundarsal bæjarstjórnar í Stjórnsýsluhúsinu á Ísafirði, 22. janúar 2019
og hófst hann kl. 08:10.**

Fundinn sátu:

Nanný Arna Guðmundsdóttir formaður, Steinunn Guðný Einarsdóttir varaformaður, Aðalsteinn Egill Traustason aðalmaður, Helga Dóra Kristjánsdóttir aðalmaður og Magnús Einar Magnússon aðalmaður.

Embættismenn:

Hálf dán Bjarki Hálf dánsson, upplýsingafulltrúi, Ralf Trylla, umhverfisfulltrúi og Brynjar Þór Jónasson, sviðsstjóri umhverfis- og eignasviðs.

Fundargerð ritaði: Hálf dán Bjarki Hálf dánsson, upplýsingafulltrúi.

Dagskrá:

1. Fjárhagsáætlun 2019 - 2018030083

Umræður um gjaldskrá fyrir sorphirðu í Ísafjarðarbæ.

Umhverfis- og framkvæmdanefnd felur umhverfisfulltrúa að leggja uppfærða sorphirðugjaldskrá fyrir bæjarstjórn.

2. Framtíðarskipulag útivistarsvæðis í Skutulsfirði - 2017030089

Formaður gerði grein fyrir vinnu starfshóps um framtíðarskipulag svæðisins.

Fram kom í máli formanns að flestir hagsmunaaðilar hefðu verið kallaðir að borðinu og forvinna skipulagsins væri hafin. Nefndin ræddi um mögulega áherslupunkta og ákveðið var að nefndarmenn myndu hitta starfshópinn til að leggja línurnar fyrir komandi skipulagsvinnu.

3. Snjómokstursreglur og mokstursleiðir í Ísafjarðarbæ - 2011110042

Lagðar fram tillögur að snjómokstursreglum Ísafjarðarbæjar.

Lagðar eru til smávægilegar breytingar á reglunum sem varða mokstur á nýjum göngustíg meðfram Fjarðarstræti á Ísafirði og frá Kirkjustræti að Vallargötu 8 - 18 á Þingeyri. Lagt er til við bæjarstjórn að reglurnar verði samþykktar með umræddum breytingum.

4. Þjónustusamningur um kortasjá - 2018030093

Umhverfisfulltrúi kynni nýja kortasjá sem Ísafjarðarbær hefur byrjað að nýta.

Fram kom að talsvert af upplýsingum eru nú þegar komnar inni kortasjána, m.a. varðandi snjómokstursreglur og veitur.

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 09:30

Nanný Arna Guðmundsdóttir

Steinunn Guðný Einarsdóttir

Aðalsteinn Egill Traustason

Helga Dóra Kristjánsdóttir

Magnús Einar Magnússon

Hálfván Bjarki Hálfvánsson

Ralf Trylla

Brynjar Þór Jónasson